

Föstudaginn 2. mars 1984.

Nr. 32/1984. **Ríkissaksóknari**

gegn

**Ármani Kristinssyni sakadómara og
Péttri Einarssyni**

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 13. febrúar 1984, en þann dag fékk hann vitneskju um frávísunardóminn. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 17. s.m. Ríkissaksóknari krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og héraðsdómaranum verði dæmt skylt að taka málið til dómsmeðferðar og uppsögu efnisdóms á grundvelli ákæru, útgefnar 23. nóvember 1983, á hendur varnaraðilja Péttri Einarssyni.

Frá varnaraðilja Péttri Einarssyni hafa hvorki borist kröfur né greinargerð, og frá Ármani Kristinssyni sakadómara hefur engin greinargerð borist.

Frávísun máls þessa frá héraðsdómi er á því byggð, að frumrannsókn máls þessa sé áfátt. Rannsóknarlögregla hafi ekki tekið skýrslur af fólki, sem nauðsynlegt sé að yfirheyra vegna rannsóknar málsins og samprófun varnaraðilja Péturs og vitna hafi ekki farið fram.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 107/1976, annast lögreglan (rannsóknarlögregla ríkisins) frumrannsókn opinberra mála. Er markmið þeirrar rannsóknar að afla allra nauðsynlegra gagna til að handhafa ákæruvalds sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort opinbert mál skuli höfðað, og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar.

Telja verður, að frumrannsókn máls þess, sem hér er um að ræða, fullnægi skilyrðum til þess, að ákæru megi gefa út, og að viðhlítandi gagna hafi verið aflað til undirbúnings dómsmeðferðar, enda er yfirheyrsla sakbornings og vitna og samprófun, ef svo ber undir, nauðsynlegur liður í málsmeðferð, sbr. 75. gr. 1. 74/1974,

og frávísun máls verður eigi byggð á því, að ákærði eða vitni hafi ekki verið yfirheyrð til hlítar. Ekki eru neinir þeir gallar á ákæru, er varði því, að dómara sé rétt að synja um að birta ákærana eða þingfesta málið.

Samkvæmt því, sem nú var sagt, ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómarann að taka málið til dómsmeðferðar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur eru úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til dómsmeðferðar.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. janúar 1984.

Ár 1984, mánudaginn 9. janúar, var á dómþingi sakadóms, sem háð var í Borgartúni 7, Reykjavík, af Ármanni Kristinssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 21/1984: Ákæruvaldið gegn Péttri Einarsyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali rikissaksóknara, dagsettu 23. nóvember 1983, gegn ákærða „Péttri Einarssyni, forstjóra, Brúarenda við Starhaga í Reykjavík, fæddum 11. janúar 1929 í Reykjavík, fyrir fjársvik en til vara fyrir fjárdrátt, með því að hafa þann 20. maí 1982 fengið Emmu Blomsterberg, Breiðvangi 4, Hafnarfirði til að samþykkja og afhenda sér þrjá víxla samtals að fjárhæð kr. 350.000.-, kr. 100.000.- í gjalddaga 15. september 1982, kr. 100.000.- í gjalddaga 15. desember 1982 og kr. 150.000.- í gjalddaga 15. janúar 1983, með því að vekja hjá henni ranglega trú um, að hún væri þar með að inna af hendi gildar greiðslur á sömu gjalddögum og víxlarnir upp í kaupsamning, dagsettan 18. maí 1982, við Róbert Örn Alfredsson um 4ra herbergja íbúð í Breiðvangi 4, sem fasteignasalan Húsamiðlun sf., Templarasundi 3, Reykjavík, sem ákærði rak, hafði haft milligöngu um. Ákærði, sem hafði enga heimild til að ganga eftir greiðslunum með framangreindum hætti, gaf síðan sjálfur út víxlana og seldi þá í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, og hagnýtti sér andvirði þeirra, en nefnd Emma og eiginmaður hennar, Ómar Kristinsson, voru síðan krafín um þessar sömu greiðslu á gjalddögum þeirra samkvæmt kaupsamningnum af lögmanni seljandans.

Framanlýst háttsemi ákærða telst aðallega varða við 248. gr. en til vara við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Ákærði telur sig hafa haft heimild til að taka við greiðslum samkvæmt vixlum þeim, sem um er fjallað í ákæru, en þær hafi átt að renna til kaupa Róberts Arnar Alfreðssonar á lóð og byggingu einbýlishúss að Hagalandi 14, Mosfellssveit, af fyrirtæki ákærða Framtíðarhúsum h.f.

Lagður hefur verið fram í málinu ódagsettur verksamningur, sem undirritaður er af ákærða f.h. Framtíðarhúss h.f. (sic), en sem verkkaupi er undirritað nafnið Róbert Alfreðsson. Í 6. gr. samnings þessa segir svo orðrétt: „fyrir verkið greiðir verkkaupi kr. 1.400.00.- (sic) fyrir Húsið (sic), ásamt lóð þannig: A Samkv. kaupsamningi dags. 18. maí 1982 milli verkkaupa og Ómars Kristinssonar (sic) á Breiðvangi 4, Hafnarfirði. B. Húsnæðismálalán. C. Endanlegt uppgjör fer fram á milli aðilja Síðar (sic).“

Nefndur samningur, og þá einkum 6. gr. hans, hefur ekki verið þörnn undir Róbert Örn Alfreðsson.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 6. maí 1983 staðhæfir nefndur Róbert Örn, að hann „hafi aldrei ákveðið að greiðslur frá kaupendum íbúðarinnar að Breiðvangi 4 greiddust til Húsamiðlunar sf. og yrðu þar yfirfærðar til Framtíðarhúsa hf. Aldrei hafi verið rætt um að hafa þennan hátt á.“ Fyrr í sömu yfirheyrslu er eftirfarandi bókað eftir Róbert Erni Alfreðssyni: „Við undirritun kaupsamnings hafi Emma greitt skv. 1. tölulið samningsins kr. 200.000.- og kveðst mætti hafa veitt þeirri greiðslu viðtöku. Þessari greiðslu kveðst mætti strax hafa ráðstafað þarna á fasteignasölnunni og hafa greitt innborgun fyrir lóð að Hagalandi 14 í Mosfellssveit. Heildarverð lóðarinnar hafi átt að vera kr. 260.000.-, en eftirstöðvar verðsins átt að greiðast eftir þrjá mánuði. Við undirritun kaupsamningsins fyrir íbúðina að Breiðvangi 4 hafi ekkert verið rætt um hvernig greiðslur skv. töluliðum 2-8 færu fram eða hvar þær væru greiddar.“ Framburður Róberts Arnar Alfreðssonar um atriði þessi er allur mjög óljós.

Emma Þórunn Blomsterberg hefur við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu borið, að hún hafi hinn 18. maí 1982 í viðurvist Róberts Arnar Alfreðssonar rætt við ákærða um víxla þá, sem ákæran fjallar um.

Róbert Örn kveðst ekkert hafa vitað um tilvist víxlanna, fyrr en sá fyrsti þeirra var gjaldfallinn. Að öðru leyti eru atvik varðandi lögskipti aðilja í ýmsum atriðum ósamhljóða og ekki nægilega í ljós leidd.

Skráður kaupandi að íbúðinni á Breiðvangi 4 í Hafnarfirði, Ómar Kristinsson (í kaupsamningi nefndur Kristinsson), hefur ekki verið yfirheyrdur í málinu.

Sama er að segja um Eysteinn Gunnar Guðmundsson, Orrahólum 7, Reykjavík, sem Emma Þórunn Blomsterberg segir, að gengið hafi frá greiðsluáætlun við ákærða vegna íbúðarkaupanna fyrir hönd þeirra Ómars og viðstaddur var, þá er Emma afhenti ákærða víxlana.

Kona að nafni Ásta Ársælsdóttir ritar undir kaupsamninginn frá 18. maí

1982. Aðild hennar að málinu er óljós, og engin skýrsla hefur verið tekin af henni.

Vitundarvottar að samningunum hafa ekki verið yfirheyrðir.

Í ákæru er krafist greiðslu skaðabóta. Af þeim gögnum málsins, sem ríkissaksóknari hefur látið dóminum í té, verður ekki séð, að slík krafa hafi verið gerð af nokkrum aðilja málsins.

Með hliðsjón af því, sem rakið hefur verið hér að framan, og með vísan til 32. og 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 5. og 19. gr. laga nr. 107/1976, verður máli þessu vísað frá dómi ex officio.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er ex officio vísað frá sakadómi.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 7. mars 1984.

Nr. 60/1982. **Sælgætisgerðin Móna h/f**

(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

Mars Incorporated

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Vörumerki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1982. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í málinu og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.